

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, Krossanesland.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 23. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, frá 30. nóvember 1990.

Breytingarnar sem ná til iðnaðar- og athafnasvæðis í Krossaneshaga, hafnarsvæðis í Krossanesi og legu Krossanes- og Síðubrauta og eru þessar:

1. Krossanesbraut verður lögð nær núverandi vegstæði þannig að áfangaskipting og uppbygging verður hagkvæmari en ella.

2. Síðubraut er sveigð lítilliga til norðurs og þannig löguð betur að landslagi.

3. Byggingarsvæði og umferðarkerfi í Krossaneshaga eru skilgreind í samræmi við deiliskipulag.

4. Byggingarsvæðum í Krossaneshaga sem skilgreind eru sem svæði til síðari nota (köflótt) er breytt í svæði til notkunar á skipulagstímabilinu (heillituð).

5. Hafnarsvæði í Krossanesi er afmarkað í samræmi við deiliskipulag og einnig endanleg stærð landfyllingar norðan Krossanes.

6. Umferðartenging hafnarsvæðis við Krossanesbraut er færð.

7. Við afmörkun tveggja svæða í Krossaneshaga austanverðum er tekið mið af (sneitt hjá) fornminjum á svæðinu.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stöðvarhrepps 1983 - 2003.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stöðvarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 26. nóvember 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stöðvarfjarðar 1983 - 2003, frá 13. apríl 1984, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að opið óbyggt svæði á Birgisnesi verður athafnasvæði fyrir sorpflokkunarstöð.

Hreppsnefnd Stöðvarfjarðarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.